

Unnið á vegum Námsmatsstofnunar
fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið

Ytra mat á leikskólanum Reynisholti



Júní 2013

Halldóra Pétursdóttir

Kristján Bjarni Halldórsson

Efnisyfirlit

Samantekt á niðurstöðum mats	4
Inngangur	7
Framkvæmd mats	7
Gagnaöflun	8
Niðurstöður og mat	9
Leikskólinn og umhverfi hans	9
Tölulegar upplýsingar.....	10
Starfsmannavelta.....	10
Áherslur leikskólans.....	11
Stefnuþættir og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.....	11
Húsnæði.....	12
Útileiksvæði.....	13
Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008.....	13
Innleiðing aðalnámskrár 2011.....	13
Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans.....	13
Mat:.....	14
Samantekt.....	15
Skólanámskrá	16
Áherslur sveitarfélagsins í skólanámskrá.....	16
Upplýsingar í skólanámskrá um mótun á stefnu leikskólans.....	16
Tenging stefnu leikskólans við aðalnámskrár (1999 og 2011).....	16
Samræmi skólastarfs við skólanámskrá.....	16
Aðkoma starfsfólks að mótun skólanámskrár.....	17
Mat.....	18
Samantekt.....	21
Stjórnun og rekstur	22
Skólaþróun.....	22
Símenntun og starfsþróun.....	23
Mat.....	23
Samantekt.....	24
Námsumhverfi og raddir barna	25
Námsumhverfi.....	25
Raddir barna.....	25
Mat.....	25
Samantekt.....	26
Skólabragur og samskipti	27
Mat.....	27
Samantekt.....	29
Innra mat	30
Mat.....	31
Samantekt.....	32
Samstarf við foreldra	33
Mat.....	34

Samantekt.....	35
Samstarf við sérfræðipjónustu sveitarfélagsins	36
Mat:	37
Samantekt.....	37
Styrkleikar og veikleikar.....	38
Tillögur að umbótum	39
Heimildaskrá	41
Fylgiskjöl	43

Samantekt á niðurstöðum mats

Leikskólinn og umhverfi hans

Hver eru helstu einkenni leikskólans og hvaða breytingar hafa átt sér stað í skólastarfinu í kjölfar laga um leikskóla frá 2008?

Mat: Helstu einkenni eru skýrar áherslur sem eru samofnar öllu daglegu starfi. Húsnæðið er vel nýtt, en vinnu- og hvíldaraðstaða starfsfólks er lítil. Útileiksvæði þarfnast lagfæringar að undanskildum Reynislundi sem er vel heppnað og mikið nýtt útileiksvæði. Lögin nr. 90/2008 höfðu í för með sér breytingar þar sem skerpt var á innra mati og stofnað var foreldraráð en það leiddi ekki til aukins kostnaðar í rekstri. Í kjölfar hagræðingaraðgerða var rekstrarumhverfi leikskólans þrengt, meðal annars var undirbúnings- og veikindaafleysing skorin niður og lítið fjármagn varð til kaupa á námsgögnum.

Skólanámskrá

Uppfyllir skólanámskrá leikskólans ákvæði aðalnámskrár (1999 og 2011) og stefnuþætti og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar?

Mat: Í aðalatriðum uppfyllir skólanámskrá leikskólans ákvæði aðalnámskrár (1999 og 2011) og stefnuþætti og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þau atriði sem þarf að vinna betur að er lýðræðisleg þátttaka barna í ákvarðanatöku og þátttaka barna í innra mati leikskólans, gera þarf Barnasáttmála skil í skólanámskrá og setja ítarlegar fram hugmyndafræði leikskólans. Gera þarf betur skil samvinnu milli leik- og grunnskóla.

Stjórnun og rekstur

Er stjórnun leikskólans í samræmi við skólanámskrá, lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti?

Mat: Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum, endurspeglar sérstöðu skólans og stjórnendur eru leiðandi í faglegri vinnu. Leikskólinn er rekinn innan ramma fjárlaga. Þau þróunarverkefni sem leikskólinn hefur tekið þátt í hafa verið innleidd í daglegt starf og leitt til skólaþróunar. Skipulega er unnið að starfsþróun, starfsþróunarviðtölin eru vel skilgreind og starfsfólk er virkt í símenntun. Það vantar viðmið til að stjórnanda sé ljóst hvort viðkomandi starfsmaður hafi náð settum markmiðum. Gera þarf skipurit skólans sýnilegt.

Námsumhverfi og raddir barna

Er námsumhverfið og áhrif barna á það í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá 2011?

Mat: Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra barna. Huga þarf betur að rými vegna sérkennslu barna. Í skólanámskrá þarf að fjalla með skýrari hætti um hvernig börnum er gefin rödd inn í skólastarfið og hvaða leiðir eru farnar að því, til að þau öðlist skilning á því hvað lýðræði felur í sér.

Skólabragur og samskipti

Er skólabragur jákvæður?

Mat: Skólabragurinn er jákvæður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni, starfið einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Hlustað er eftir sjónarmiðum starfsfólks og lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarf í leikskólanum. Viðbragðsáætlun vegna eineltis þarf að vera sýnileg.

Innra mat

Er framkvæmd innra mats í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá 2011 og skólanámskrá?

Mat: Framkvæmd innra mats er ekki í samræmi við lög, aðalnámskrá eða skólanámskrá. Alla liði matsferlisins þarf að skoða með tilliti til umbóta. Efla þarf þekkingu starfsfólks á framkvæmd innra mats.

Samstarf við foreldra

Hefur leikskólanum tekist að koma á við samvinnu við foreldra?

Mat: Samstarf við foreldra er virkt og foreldrar eru ánægðir með samskiptin við starfsfólk. Upplýsingagjöf til foreldra er skilvirk, hlustað er eftir sjónarmiðum foreldra og þeir hafa gott aðgengi að stjórnendum og öðru starfsfólki. Foreldrar koma ekki að innra mati eins og lög gera ráð fyrir. Kjósa þarf fulltrúa í foreldraráð í stað þess að velja þá úr stjórn foreldrafélagsins.

Samstarf við sérfræðipjónustu sveitarfélagsins

Er aðgangur leikskólans og foreldra að sérfræðipjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga?

Mat: Aðgangur leikskólans og foreldra að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins er í samræmi við reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hverfisins er skipulögð og leikskólastjóri nýtir sér samstarf og ráðgjöf frá sérfræðipjónustu Skóla- og frístundasviðs.

Inngangur

Hér verður gerð grein fyrir úttekt á leikskólanum Reynisholti sem fór fram á tímabilinu 1. mars – 23. maí 2013. Markmið með úttektinni er að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemina. Þeir þættir sem lögð er áhersla á að meta eru leikskólinn og umhverfi hans, skólanámskrá, stjórnun og rekstur, námsumhverfi og raddir barna, skólabragur og samskipti, innra mat, samstarf við foreldra, og samstarf við sérfræðiþjónustu sveitarfélagsins. Námsmatsstofnun fól Halldóru Pétursdóttur og Kristjáni Bjarna Halldórssyni að vinna matsúttektina.

Í þessari skýrslu er í upphafi samantekt á niðurstöðum matsins, síðan er lýst framkvæmd mats og gagnaöflun. Því næst er matsþáttum gerð skil og að lokum eru dregnir fram styrkleikar og veikleikar og settar fram tillögur að umbótum.

Framkvæmd mats

Í upphafi úttektarinnar voru matsþættir ákveðnir út frá leiðbeiningum um ytra mat¹, og viðmiðum um gæði í skólastarfi². Í framhaldi af því voru matsspurningar og viðmið ákveðin. Matsþættir voru ákveðnir með hliðsjón af leiðbeiningum um ytra mat í grunnskólum og fyrirfram ákveðnum þáttum er matið átti að beinast að samkvæmt tilmælum frá Námsmatsstofnun. Matsspurningar voru settar fram með tilliti til markmiðs úttektarinnar og þess sem mikilvægast væri að leita svara við. Viðmið voru fengin úr skólanámskrá leikskólans, aðalnámskrám leikskóla frá 1999 og 2011, lögum um leikskóla (nr. 90/2008) og stefnuþáttum og markmiðum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Aðalnámskrár frá 1999 og 2011 eru báðar lagðar til grundvallar sem viðmið þar sem innleiðingu aðalnámskrár 2011 skal lokið fyrir 2015. Gagna var aflað með fjölbreyttum hætti, gögnin greind og matsspurningum svarað. Sterkar og veikar hliðar voru dregnar fram og loks var sett fram umbótaáætlun.

¹ Leiðbeiningar fyrir úttektir á leikskólum.

² Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat í grunnskólum.

Gagnaöflun

Gagnaöflun stóð yfir frá 18. mars til 23. maí.

Gagna var aflað með einstaklingsviðtölum, hópviðtölum, spurningakönnunum og vettvangsathugunum ásamt fyrirbyggjandi gögnum. Alls voru tekin 4 einstaklingsviðtöl, við skólastjórnendur (leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra), sérkennslustjóra og formann Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar. Einnig voru tekin fjögur hópviðtöl við deildarstjóra, blandaðan hóp starfsfólks, foreldra og börn. Lagðar voru fyrir tvær spurningakannanir, annars vegar fyrir foreldra og hins vegar fyrir starfsfólk.

Spurningakönnun fyrir foreldra var rafræn. Könnunin var send með tölvupósti á báða foreldra alls 146 netföng. 68 foreldrar svöruðu könnuninni. Líkur eru á að aðeins annað foreldrið hafi svarað könnuninni. Netfangalistinn var fenginn frá leikskólanum. Spurningakönnun til starfsfólks var skrifleg og tóku 22 af 23 þátt. Viðtalsrammar fyrir viðtöl voru ákveðnir út frá matsþáttum og spurningakannanir voru forprófaðar. Gerðar voru tvær vettvangsathuganir, alls dvöldu úttektaraðilar einn og hálfan dag í leikskólanum. Fyrirbyggjandi gögn voru meðal annars lög um leikskóla, reglugerðir, aðalnámskrár, skólanámskrá Reynisholts, gögn frá leikskólanum um starfsemina og gögn gefin út af Reykjavíkurborg er lúta að leikskólastarfsemi.

Niðurstöður og mat

Leikskólinn og umhverfi hans

Hver eru helstu einkenni leikskólans og hvaða breytingar hafa átt sér stað í skólalífinu í kjölfar laga um leikskóla frá 2008?

Gerð leikskólahúsnæðis skal taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fer fram í leikskóla. Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi. Húsnæði og allur aðbúnaður skal taka mið af því að tryggja öryggi og vellíðan barna og starfsfólks, svo sem hvað varðar húsbúnað, hljóðvist, lýsingu og loftræstingu. Gert skal sérstaklega ráð fyrir rými fyrir sérfræðipjónustu vegna barna með sérþarfir og vinnuástöðu starfsfólks.³ Börnin skulu hafa gott rými fyrir leikinn og gott aðgengi að efniviðnum.

Samkvæmt aðalnámskrá 2011 skal námsumhverfi leikskóla skipulagt samkvæmt notagildi og markmiðum leikskólans. Umhverfið á að vera heilsusamlegt og öruggt en jafnframt aðlaðandi og hvetjandi. Umhverfið þarf að henta fjölbreyttum hópum barna og starfsfólks, þróast með tilliti til þarfa og áhuga þeirra er þar dvelja og vera sveigjanlegt þannig að það komi til móts við þarfir barna. Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008.

Samkvæmt reglugerð um starfsumhverfi leikskóla á skólalóð að uppfylla kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum⁴. Í aðalnámskrá 2011 kveður á um að leikvöllur/útisvæði sé hluti af námsumhverfi barna og því er mikilvægt við hönnun, nýtingu og skipulag að tekið sé mið af þörfum allra barna⁵.

Leikskólinn Reynisholt er einn af 64 leikskólum sem Reykjavíkurborg rekur og fellur undir Skóla- og frístundasvið. Leikskólinn stendur við Gvendargeisla 13 í Grafarholti og tók formlega til starfa 30. nóvember 2005. Heildarstærð leikskólans er 651 fermetrar⁶, við lóðina stendur Reynislundur sem er útikennslusvæði leikskólans. Staðsetningu skólans er þannig háttað að stutt er út í náttúruna. Aðkoma að leikskólanum er greið, hraðahindrun er á götu við

³ Lög nr. 90/2008. 12. gr., 1. mgr.

⁴ Reglugerð nr. 655/2009

⁵ Aðalnámskrá 2011

⁶ Starfsmannahandbók

hlið hans og bílastæði er rúmt. Í leikskólanum dvelja að jafnaði 86 börn á aldrinum tveggja til sex ára, þann 1. des 2012 var kynjaskiptingin 51 piltur og 35 stúlkur⁷. Börnin skiptast á fjórar deildir eftir aldri, þær heita: Bjartilundur, Geislalundur, Sunnulundur og Stjörnulundur. Leikskólinn er opinn frá 7:30 til 17:15 alla virka daga⁸. Matur fyrir börn og starfsfólk er eldaður í eldhúsi leikskólans. Megináherslur leikskólans byggja á lífsleikni, það er jóga, umhverfismennt og efling almennrar málvitundar⁹. Þjónustumiðstöð Árbæjar veitir leikskólanum stoðþjónustu og samstarf er við Heilsugæslu Árbæjar.



Mynd 1. Innisvæði Reynisholts

Tölulegar upplýsingar

Árið 2012 störfuðu að jafnaði 25 starfsmenn við leikskólann í 22 stöðugildum, af þessum stöðugildum voru fimm vegna sérkennslu. Leikskólakennarar voru í 10,87 stöðugildum, grunnskólakennari í 0,80 stöðugildi, leikskólaleiðbeinandi B í 1,0 stöðugildi og tveir leikskólaliðar í 1,65 stöðugildum. Hlutfall leikskólakennara var 50%. Tveir karlmenn störfuðu við leikskólann¹⁰. Fjarvistir barna voru samtals 223 dagar. Fjarvistadagar starfsfólks voru samtals 567, langtímaveikindi eru ekki meðtalin¹¹.

Starfsmannavelta

Fjöldi starfsmanna er að jafnaði 25 og fjöldi stöðugilda að jafnaði 22. Starfshlutfall er að jafnaði 88%. Fastir starfsmenn sem hættu á árinu voru 5 og starfsmenn ráðnir tímabundið sem hættu voru 3. Starfsmannavelta var 32%¹².

⁷ Gögn frá leikskólastjóra

⁸ Skólanámskrá. Upplýsingar af heimasíðu.

⁹ Skólanámskrá

¹⁰ Starfsáætlun Reynisholts 2011-12

¹¹ Gögn frá leikskólastjóra

¹² Gögn frá leikskólastjóra

Árið 2012 voru 14 leikskólakennarar starfandi og var meðalstarfsaldur þeirra 3,8 ár. Grunnskólakennarar voru 3 meðal starfsaldur þeirra var 1,89 ár, starfsfólk með aðra háskólamenntun var 5 meðal starfsaldur þeirra var 0,73 ár.

Áherslur leikskólans

Áherslur og sýn leikskólans byggja á meistaraverkefni leikskólastjóra. Frá upphafi hefur áhersla verið lögð á snertingu, jóga og slökun, en fleiri þættir hafa komið inn í starfið og er umhverfismenntin nú stór hluti af áherslum skólans. Í leikskólanum hefur verið unnið að fjölbreyttum þróunarverkefnum, þau hafa verið fest í sessi og þannig hafa áherslur í skólastarfinu þróast¹³. Sem dæmi um það eru þróunarverkefni eins og *Orð af orði*, *orðs ég leitaði* og *Líf og leikni*. Starfsfólk leikskólans telur að markvisst sé unnið að því að halda kyrrð og ró innan veggja leikskólans og segja snertingu og hlýju vera notuð sem agatæki¹⁴. Það telur sameiginleg uppeldissýn innan leikskólans vera virðingu¹⁵.



Mynd 2. Hluti af áherslum leikskólans

Stefnuþættir og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg setti fram fjóra stefnuþætti í skóla- og frístundastarfi fyrir árið 2012. Hver stefnuþáttur hefur undirflokkar þar sem tilgreind eru markmið. Fyrsti stefnuþátturinn er „Barnið, Nemandinn, Ungmennnið“ þar eru sett fram markmið varðandi sterka sjálfsmynd og félagsfærni, öryggi, heilbrigði, vellíðan og gleði, víðtæka þekkingu, færni og árangur, samfélagslega ábyrgð, virkni og víðsýni. Annar stefnuþátturinn er „Verklag“ með markmiðum um nám og starf án aðgreiningar, nám við hæfi hvers og eins, samstarf sem byggist á lýðræði og fjölbreytni, flæði milli skólastiga, námsgreina og skóla- og frístundastarfs og umbætur, mat og nýbreytni. Þriðji stefnuþátturinn er „Mannauður“ með

¹³ Viðtal við leikskólastjóra

¹⁴ Viðtal við hóp deildarstjóra

¹⁵ Viðtal við blandaðan hóp starfsfólks

markmiðum um faglega forystu, eftirsóknarvert, vinsamlegast og hvetjandi starfsumhverfi, hæft og áhugasamt starfsfólk með metnað til árangurs og lærdómssamfélag sem byggir á þverfaglegu samstarfi. Fjórdi stefnuþátturinn er „Auðlindir“ með markmiðum um hagkvæma nýtingu fjármagns, skilvirka upplýsingatækni og góðan aðbúnað¹⁶.

Húsnæði

Á deildum eru leikstofur á bilinu 36 - 39 m², hvíldarherbergi 15 - 18 m² og snyrting um 8 m². Annað rými sem börn hafa aðgengi að er 222 m². Starfs- og hvíldaraðstaða starfsfólks er um 55 m², eldhús og annað er um 44m².¹⁷ Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 655/2009 um starfsumhverfi leikskóla er lágmarksaðstaða til staðar í leikskólanum. Samkvæmt viðtölum við stjórnendur og starfsfólk kemur fram að rými fyrir starfsmannaaðstöðu er of lítið. Sérstaklega hefur verið nefnd kaffistofa starfsfólks (13 m²). Þrátt fyrir stækkun skólans var starfsmannaaðstaða ekki stækkuð¹⁸.

¹⁶ Stefnuþættir og markmið Skóla- og frístundasviðs

¹⁷ Fyrirliggjandi gögn: Teikning af leikskóla

¹⁸ Viðtöl við stjórnendur

Útileiksvæði

Útileiksvæði er að meginhluta sunnan við skólann og er 3675 m² að stærð. Reynislundur er sérstakt útikennslusvæði. Við reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa frá Reykjavíkurborg¹⁹ í maí 2012 komu fram athugasemdir við grassvæði um að það væri holótt og að auðveldlega bærist yfir það sandur. Áhættumat er unnið af stjórnendum og byggir það á ytra eftirliti heilbrigðisfulltrúa. Í áhættumati á útileiksvæði frá september 2012 kom fram að á útileiksvæði er holóttur grasbali og brekka sem upp úr standa steinar. Samkvæmt áhættumatinu er talin hættu á falli, broti og álagi á stoðkerfi. Í framhaldi af áhættumatinu óskuðu stjórnendur eftir úttekt á lóð og lagfæringu²⁰.



Mynd 3 Reynislundur er vinsælt útikennslusvæði

Breytingar í kjölfar laga um leikskóla nr. 90/2008

Engar grundvallarbreytingar hafa átt sér stað í kjölfar setninga laga nr. 90/2008 en foreldraráð var stofnað og innra mat var fest betur í sessi. Breytingar hafa ekki leitt til aukins kostnaðar²¹.

Innleiðing aðalnámskrár 2011

Starfsdagar voru nýttir til að innleiða nýja aðalnámskrá. Lögð var áhersla á virkni alls starfsfólks í innleiðingavinnunni þótt ákveðinn kjarni hafi haldið utan um hana. Búið er að innleiða grunnþættina heilbrigði og velferð, sjálfbærni og læsi og sköpun og koma þeir fram í skólanámskrá, aðrir bíða umfjöllunar.

Áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans.

Skólastjórnendur voru sammála um að hagræðingaraðgerðir hafi leitt til niðurskurðar á fjármagni vegna undirbúnings- og veikindaafleysinga og starfsmannafunda. Skort hefur fjármagn til að kaupa námsgögn²². Fram kom í viðtali við leikskólastjóra að miðstýring jókst fyrst í kjölfar efnahagshrunsins 2008 en hefur að hluta til gengið til baka. Aðgengi að ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hverfisins varð ekki eins gott²³. Samkvæmt viðtali við formann Skóla-

¹⁹ Reglubundið eftirlit heilbrigðisfulltrúa, málsnúmer 2012050326

²⁰ Fyrirliggjandi gögn: Áhættumat frá september 2012

²¹ Viðtal við skólastjórnendur

²² Viðtöl við stjórnendur. Hópviðtal við deildarstjóra

²³ Viðtal við sérkennslustjóra

og frístundaráðs bitnuðu hagræðingaraðgerðir almennt á afleysingunni og hafi það verið sérstaklega slæmt fyrir undirbúningsafleysinguna, því starfsfólk gat þá ekki unnið að skipulagningu og undirbúningi starfsins. Formaður Skóla- og frístundaráðs telur það slæmt fyrir fagstétt sem ver svo miklum tíma með börnunum. Á árinu 2012 var tekin sú ákvörðun í Skóla- og frístundaráði að auka aftur fjármagn til reksturs leikskóla og var afleysingin sett í forgang²⁴.

Mat:

Eins og fram kemur í skólanámskrá koma helstu einkenni leikskólans fram í uppeldissýn, er byggir á jógakennslu, útikennslu og umhverfismennt, virkri þátttöku í þróunarverkefnum og innleiðingu þeirra í starfið. Helstu einkenni leikskólans eru skýrar áherslur og sameiginleg uppeldissýn starfsfólks. Góð nýting er á húsnæði, innra skipulag er gott og vel er um gengið. Rými fyrir börn er nægjanlegt en starfsfólk telur vinnu- og hvíldaraðstöðu þess of litla. Þrátt fyrir að sérkennslan fái rými í starfinu þá kemur það ekki fram á teikningu leikskólans, en samkvæmt reglugerð nr. 655/2009 er kveðið á um sérstakt rými fyrir sérfræðiþjónustu.

Það er samdóma álit alls starfsfólks og foreldra sem rætt var við í matsúttektinni að aðstaða á útileiksvæði sé ábótavant. Hins vegar er almenn ánægja viðmælenda með Reynislund og er hann nýttur skipulega í starfi leikskólans. Samkvæmt reglugerð nr. 655/2009 þá uppfyllir útileiksvæðið ekki þær kröfur sem þar eru gerðar og geta aðstæður þar leitt til slysa á starfsfólki²⁵. Það eru skýr skilaboð frá starfsfólki og foreldrum að gera þurfi lagfæringar á lóðinni.

Starfsmannavelta var 32% á árinu 2012 og er það mesta starfsmannavelta frá stofnun skólans. Innleiðing á aðalnámskrá 2011 er í farvegi og er hluti af grunnþáttum kominn í skólanámskrá. Brugðist hefur verið við breytingum sem komu fram í lögum nr. 90/2008 án þess að það hafi leitt til aukins kostnaðar. Áhrif hagræðingar vegna niðurskurðar voru mestar á undirbúnings- og veikindaafleysingu, starfsmannafundi og kaup á námsgögnum.

²⁴ Viðtal við formann Skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar

²⁵ Fyrirliggjandi gögn: Áhættumat

Samantekt

Helstu einkenni eru skýrar áherslur sem eru samofnar öllu daglegu starfi. Húsnæðið er vel nýtt en vinnu- og hvíldaraðstaða starfsfólks er lítil. Útileiksvæði þarfnast lagfæringar að undanskildum Reynislundi sem er vel heppnað og mikið nýtt útileiksvæði. Lögin nr. 90/2008 höfðu í för með sér breytingar þar sem skerpt var á innra mati og stofnað var foreldraráð en það leiddi ekki til aukins kostnaðar í rekstri. Í kjölfar hagræðingaraðgerða var rekstrarumhverfi leikskólans þrengt, meðal annars var undirbúnings- og veikindaafleysing skorin niður og lítið fjármagn varð til kaupa á námsgögnum.

Skólanámskrá

Uppfyllir skólanámskrá leikskólans ákvæði aðalnámskrár (1999 og 2011) og stefnuþætti og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar?

Í aðalnámskrám um leikskóla frá 1999 og 2011 er kveðið á um ákveðna grunnþætti sem inntak náms, kennslu og leiks skal mótast af. Grunnþættir menntunar eru settir fram sem 6 þættir sem tengjast innbyrðis í skólastarfinu. Á grunni aðalnámskrár mótast hver leikskóli sína eigin skólanámskrá. Við úttekt á þessum lið var einnig horft til reglugerðar nr. 896/2009 um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla.

Áherslur sveitarfélagsins í skólanámskrá

Áherslur sveitarfélagsins koma fram í stefnuþáttum og markmiðum sem sviðið hefur sett fram²⁶. Þessar áherslur þurfa að endurspeglast í skólanámskrá.

Upplýsingar í skólanámskrá um mótun á stefnu leikskólans

Í skólanámskrá eiga að koma fram þeir áhersluþættir sem skólinn vinnur eftir og markmið og leiðir. Hver leikskóli mótast sínar starfsaðferðir og setur þær fram í skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans²⁷.

Tenging stefnu leikskólans við aðalnámskrár (1999 og 2011)

Í skólanámskrám sem gefnar eru út í einstökum skólum skal útfæra stefnu aðalnámskrár í samræmi við áherslur á hverjum stað, nemendahóp, faglegar áherslur og sérkenni²⁸.

Samræmi skólastarfs við skólanámskrá

Skólanámskráin byggir á aðalnámskrá sem er helsta stjórnunartæki fræðslufirvalda til að tryggja að skólastofnanir sinni lögboðnu hlutverki sínu við framkvæmd skólastarfs²⁹.

Skólanámskrá Reynisholts er m.a. ætlað að auðvelda starfsfólki að ná settum markmiðum

²⁶ Stefnuþættir og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Stefnu- og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

²⁷ Aðalnámskrá 2011

²⁸ Aðalnámskrá 2011

²⁹ Aðalnámskrá 2011

leikskólans. Kennarar og skólastjórnendur vinna saman að þróun skólanámskrár í samræmi við sérstakar áherslur á hverju skólastigi.

Aðkoma starfsfólks að mótun skólanámskrár

Kennarar skulu vinna í samráði við skólastjórnendur að þróun skólanámskrár í samræmi við aðstæður og sérstaka áherslu á hverju skólastigi. Það er ábyrgð kennara að útfæra á faglegan hátt í kennslu sinni og öðru skólastarfi fyrirmæli menntalaga og þá stefnu sem birtist í aðalnámskrá³⁰.

Tengsl við nærsamfélagið og milli leikskóla og grunnskóla

Varðandi miðlun upplýsinga milli skólastiga þá ber leikskólastjóra þess skóla er barnið dvelur í að sjá til þess við flutning úr leikskóla í grunnskóla að nauðsynlegar upplýsingar um barnið fari yfir til grunnskólans til þess að stuðla að velferð þess og auðvelda aðlögun milli skólastiganna. Nærsamfélagið er hluti af námsumhverfi barna sem þau eiga fá að kynnast og læra af³¹.

³⁰ Aðalnámskrá 2011

³¹ Aðalnámskrá 2011

Mat

Áherslur sveitarfélagsins í skólanámskrá: Áherslur í skólanámskrá eru í samræmi við áherslur Reykjavíkurborgar. Stuðlað er að sterkri sjálfsmynd, félagsfærni og jöfnum tækifærum hjá börnum. Áhersla er lögð á heilbrigðan lífsstíl, öruggt umhverfi og fjölbreytileika einstaklinga. Markvisst er unnið að því að auka þekkingu og færni starfsfólks.

Upplýsingatækni er nýtt til að þróa starfið og til að veita upplýsingar. Áherslur leikskólans á jóga í leikskólastarfi bera vott um nýja hugsun í menntun og uppeldi ungra barna. Börnum er kennt að tileinka sér ákveðnar dyggðir til að auka þekkingu þeirra á grunngildum samfélagsins.³² Dagskipulag leikskólans³³ hvetur til þess að börnin sýni frumkvæði og aðlögunarhæfni, komið er til móts við ólíkar þarfir þeirra og leitast er við að tryggja jafnrétti og virka þátttöku í



Mynd 4. Jóga

daglegu starfi. Dagskipulagið miðar að því að tryggja góðar aðstæður til náms, t.d. með því að hafa alltaf helming barna af deild á útisvæði, þá skapast meira rými fyrir börn í leik. Í hópastarfi er miðað við 10 börn í hóp. Lögð er áhersla á umhverfisvitund en útikennslusvæðið í Reynislundi og Comeniusarverkefni um umhverfismennt eru ríkir þættir í skólastarfinu. Í leikskólanum læra börnin um menningu og listsköpun. Skilvirk upplýsingamiðlun er til foreldra³⁴ og sérfræðiþjónusta og ráðgjöf er unnin í samráði við þá³⁵. Framkvæmd innra mats þarfnast umbóta, það mælir ekki nægjanlega gæði og árangur skólastarfsins.

Upplýsingar í skólanámskrá um mótun á stefnu leikskólans: Ekki kemur fram í skólanámskrá til hvaða hugmyndafræði er vísað eða hverjir komu að mótun og innleiðingu stefnunnar innan leikskólans. Hins vegar er ljóst hvernig hún var unnin, en hún á rætur sínar að rekja til sérþekkingar leikskólastjóra á jóga. Leikskólastjóri og starfsfólk hafa markvisst staðið fyrir

³² Vettvangsathuganir, skólanámskrá, viðtöl við stjórnendur og fyrirliggjandi gögn

³³ Sjá dagskipulag leikskólans í fylgiskjali

³⁴ Spurningakönnun til foreldra

³⁵ Spurningakönnun til foreldra, viðtal við sérkennslustjóra, fyrirliggjandi gögn og vettvangsathuganir.

fræðslu um áhersluþætti leikskólans og þurfa þessar upplýsingar að koma fram í skólanámskrá.

Tenging stefnu leikskólans við aðalnámskrár (1999 og 2011): Efnisval og inntak náms í Reynisholti mótast af grunnþáttum aðalnámskrár 1999 og 2011, en þó má hnykkja betur á ákveðnum þáttum. Hugmyndafræði vísar til heilbrigðis og velferðar: jákvæð sjálfsmýnd barna í lífsleikni, áhersla á vellíðan og ró í skólastarfinu, leita leiða til að auka á umburðarlyndi barna með t.d. áherslu á umhyggju fyrir öllum, óháð einkennum eða aðstæðum. Börn hafa góðan aðgang að efnivið, nánast allur efniviður er í þeirra hæð og þau hafa gott aðgengi að honum. Unnið er markvisst að því í daglegu starfi að börnin tjái upplifanir sínar, skoðanir og tilfinningar. Lýðræðislega virkni barna mætti flétta meira inn í starfið þannig að börnin séu meiri þátttakendur í ákvarðanatöku og í mati á skólastarfinu. Hlutdeild barna í ákvarðanatöku í skólastarfi leiðir til þeirrar hugsunar að börn upplifa að þau geti haft áhrif í umhverfi sínu. Gera þarf Barnasáttmálanum skil í skólanámskránni³⁶.

Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námsaðferðum og umhverfi barna með sérþarfir, þessar áherslur eru í samræmi við áherslur á jafnréttismenntun og grunnþáttinn jafnrétti í aðalnámskrám 1999 og 2011. Samstarf við fjölskyldur er vel innrammað í starfsháttum leikskólans og í samræmi við aðalnámskrá 2011. Í upphafi skólagöngu fá foreldrar greinargóðar upplýsingar um skólastarfið og jafnframt eru veittar gagnkvæmar upplýsingar milli skóla og foreldra um barnið. Virk samskipti eru við foreldra og þeir eru upplýstir skipulega um þroska barnsins.

Kafla um innra mat á skólastarfi er ekki tæmandi í skólanámskrá og eru því gerð sérstök skil aftar í kaflanum Innra mat.

Hluti grunnþátta hefur verið innleiddur en ekki hafa verið sett fram viðmið um þann árangur



Mynd 5. Veðurfræðingurinn

³⁶ Stefna og starfsáætlun Skóla- og frístundasviðs 2012

sem leikskólinn stefnir að varðandi sjálfbærni, heilbrigði og velferð og læsi og sköpun. Jafnréttisstefnu er leikskólinn starfar eftir þarf að gera ítarlegar skil.

Samræmi skólastarfs við skólanámskrá: Áherslur í skólanámskrá koma fram í starfi leikskólans í megindráttum. Dagskipulagið einkennist af föstum athöfnum og tekur mið af líkamlegum og andlegum þörfum barna. Börnin skilja vel dagskipulagið, skiptingar milli svæða ganga vel fyrir sig og sá efniviður sem tiltekinn er í skólanámskrá er til staðar í leikskólanum og sýnilegur í starfinu³⁷. Börnin eru meðvituð um áhersluþætti skólans, jóga og umhverfismennt. Í hópviðtali við börn kom fram að þau höfðu hugmynd um hvers vegna væri verið að flokka: “endurvinnum til að fá ekki risastóra ruslahauga”³⁸.

Aðkoma starfsfólks að mótun skólanámskrár: Starfsfólk er virkjað til þátttöku á mótun skólanámskrár og fer vinnan fram á skipulagsdögum þar sem allir geta tekið þátt í umræðunni. Samkvæmt svörum úr starfsmannakönnun sögðust 77% þeirra sem hafa starfað í 1 ár eða lengur hafa tekið þátt í vinnu við gerð eða þróun skólanámskrár á árinu 2012. 86% starfsfólks (19 af 22 í könnun) segjast þekkja skólanámskrána vel. Samkvæmt svörum úr starfsmannakönnun sögðust 50% (11 af 22) starfsfólks hafa tekið þátt í innleiðingu grunnþátta, af þeim sem ekki tóku þátt í innleiðingu eru 7 sem hafa starfað skemur en í 1 ár.

Tengsl við nærsamfélagið og milli leikskóla og grunnskóla: Samstarf milli leik- og grunnskóla er skipulagt og framkvæmdaáætlun er gerð þar sem tilteknar eru heimsóknir milli skólastiga fyrir elsta árgang leikskólans.³⁹ Í skólanámskrá kemur fram að börn séu markvisst kynnt fyrir grenndarsamfélaginu og gagnkvæmar heimsóknir séu milli leik- og grunnskóla.⁴⁰ Einnig kemur fram að á vorin séu haldnir skilafundir um námsstöðu elstu barnanna. Sérstök námskrá er fyrir elstu börnin.

Þrátt fyrir samstarf milli leikskóla og grunnskóla er lítil umfjöllun um það í skólanámskrá.

³⁷ Vettvangsathuganir

³⁸ Viðtal við hóp barna

³⁹ Fyrirliggjandi gögn: Dagskrá um samskipti milli skólastiga. Skólanámskrá Reynisholts.

⁴⁰ Fyrirliggjandi gögn í Reynisholti um samstarf leik- og grunnskóla

Samantekt

Í aðalatriðum uppfyllir skólanámskrá leikskólans ákvæði aðalnámskrár (1999 og 2011) og stefnuþætti og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar. Þau atriði sem þarf að vinna betur að er lýðræðisleg þátttaka barna í ákvarðanatöku og þátttaka barna í innra mati leikskólans, gera þarf Barnasáttmála skil í skólanámskrá og setja ítarlegar fram hugmyndafræði leikskólans. Gera þarf betur skil samvinnu milli leik- og grunnskóla.

Stjórnun og rekstur

Er stjórnun leikskólans í samræmi við skólanámskrá, lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti?

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal leikskólastjóri stjórna starfi leikskólans í umboði rekstraraðila, stýra daglegum rekstri og gæta þess að leikskólinn starfi í samræmi við lög, reglugerðir, aðalnámskrá leikskóla, skólanámskrá og önnur gildandi fyrirmæli. Starfshættir leikskóla skulu miðast að því að ná tilsettum markmiðum og stuðla að velferð og námi. Samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2008 skal að frumkvæði leikskólastjóra móta áætlun um símenntun starfsfólks. Samkvæmt aðalnámskrá 2011 ber leikskólastjóra að sjá til þess að starfsfólk fái tækifæri til að bæta við þekkingu sína og vera í stöðugri starfsþróun. Þar segir einnig að leikskólakennari skuli vera leiðandi í mótun uppeldis- og menntastarfs innan skólans og fylgjast með nýjungum, miðla af þekkingu sinni og styrkja faglegt hlutverk leikskólans.

Stjórnskipun og stjórnunarhættir

Leikskólastjóri stjórnar starfi leikskólans í umboði rekstraraðila. Leikskólinn er deildaskiptur og bera deildarstjórar ábyrgð á hverri deild.

Skólaþróun

Fjölmörg þróunarverkefni hafa verið unnin í leikskólanum og hafa haft áhrif á þróun starfshátta⁴¹. Í upphafi voru starfshættir þróaðir í samræmi við verkefnið *Snerting, jóga og slökun* og varð það kjölfestan í starfsemi leikskólans. Þróunarverkefnið *Líf og leikni* var sett af stað meðal annars til að innleiða áherslur úr meistaraverkefni leikskólastjóra og lífsleikninám. Þróunarverkefnið *Orð af orði, orðs ég leitaði* var unnið í samstarfi við Sæmundarskóla, markvisst er unnið með námsgögnin úr því verkefni, Sögugrunn og Orðahljóð. Leikskólinn tekur þátt í samstarfsverkefni fjögurra leikskóla, Birtuskólanna, sem vinna að því að þróa jóga í lífsleikninámi barna. Alþjóðlegt þróunarverkefni (Comenius) er unnið til að efla áhuga barna á umhverfi í gegnum útivist og auka vitund þeirra um að draga úr, endurnýta og endurvinnna úrgang. Verkefnið um útikennslusvæði í Reynislundi hefur haft

⁴¹ Fyrirliggjandi gögn, viðtöl við stjórnendur og heimasíða leikskólans

mótandi áhrif á skólaþróun, en Reynislundur varð til að frumkvæði foreldra og er samstarfsverkefni foreldra og starfsfólks. Reynislundur hefur verið nýttur til útikennslu við iðkun jóga í hópastarfi og umhverfismennt. Á Bjartalundi er lagt upp með svokallaðan könnunarleik, en hann er aðferð við kennslu barna þriggja ára og yngri. Markmið hans er að börnin fái að starfa af eigin hvötum og fái útrás fyrir meðfædda forvitni sína⁴².

Símenntun og starfsþróun

Samkvæmt lögum um leikskóla⁴³ skal að frumkvæði leikskólastjóra móta áætlun um hvernig símenntun starfsfólks skuli hagað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur leikskólans, sveitarfélags og skólanámskrár.

Mat

Stjórnskipun og stjórnunarhættir: Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum⁴⁴ og reglum. Verklýsingar eru skriflegar og skýrar og ljóst er hver hefur stjórnunarlega ábyrgð, en ekki er formlegt skipurit. Stjórnskipulagið endurspeglar sérstöðu leikskólans og sérþekking starfsfólks er nýtt. Stjórnendur eru leiðandi í faglegru vinnu og í daglegum starfsháttum. Af fyrirliggjandi gögnum er ljóst að leikskólinn starfar innan þess ramma sem honum er settur og skólastjórnendur ná að halda utan um þau verkefni sem þeim ber að sinna.

Skipulagsdagar eru settir á skóladagatal, upplýsingagjöf er virk, fundir eru boðaðir með dagskrá og fundargerðir eru aðgengilegar fyrir starfsfólk. Starfsáætlun var skilað á réttum tíma og leikskólinn var rekinn innan ramma fjárlaga árið 2012.

Samkvæmt spurningakönnun segist allt starfsfólk vita hvert það á að leita þegar taka þarf ákvörðun og er sammála því að ákvarðanir séu teknar þegar á þarf að halda. Samkvæmt spurningakönnun er allt starfsfólk sátt við aðkomu sína að stjórnun og telur að vel sé hlustað eftir sjónarmiðum þess⁴⁵.

Skólaþróun: Áherslur úr verkefninu Snerting, jóga og slökun og þróunarverkefninu Líf og leikni eru megináherslur leikskólans í dag. Markvisst er unnið með námsgögn úr þróunarverkefninu Orð af orði, þótt verkefninu sé formlega lokið þá hefur það fest rætur í

⁴² Heimasíða leikskólans

⁴³ 7. gr. laga nr. 90/2008

⁴⁴ Lög nr. 90/2008

⁴⁵ Starfsmannakönnun

kennslu á málvitund barna. Comeniusarverkefnið hefur verið innleitt í starfsemi leikskólans og er vel sýnilegt. Um samstarf Birtuskólanna eru til fyrirbyggjandi gögn og skólarnir hittast árlega. Sá efniviður sem tilheyrir könnunarleiknum var sýnilegur og greinilegt að kennsluáferðin er nýtt með börnunum. Því er ljóst að þróunarverkefni sem leikskólinn hefur tekið þátt í hafa náð festast í sessi og leitt til þróunar á skólastarfi.

Símenntun og starfsþróun: Símenntunaráætlunin sem slík er ekki sett fram með markvissum hætti, en starfsfólk getur komið fram með óskir um hvaða viðbótarþekkingar það vill afla sér. Vegna þess hve þröngur stakkur leikskólanum er skorinn við rekstur þá er ekki raunhæft að gera símenntunaráætlun því ekki er til starfsfólk til afleysinga. Vegna niðurskurðar á fjármagni til afleysinga nýtti leikskólastjóri þekkingu og mannauð innan leikskólans í auknum mæli⁴⁶. Deildarstjórar hafa séð um að skrá símenntun hjá starfsfólki sínu, samkvæmt þeirra gögnum hefur starfsfólk verið iðnir að sækja sér símenntun⁴⁷. Í spurningakönnun til starfsfólks segja 20 af 22 að hvatt sé leiða til að efla sig í starfi, 16 eru sammála því að framboð á símenntun sé nægilegt en 4 eru ósammála því. Það starfsfólk sem sótti símenntunarnámskeið telur að það hafi verið gagnlegt og eflt það í starfi. Starfsþróunarviðtöl eru tekin árlega, viðtölin eru formleg, sett fram á skýran hátt, skráð og skrifleg lýsing liggur fyrir á þeim þáttum sem unnið er með í þeim⁴⁸. Starfsfólk telur starfsmannaviðtölin gagnleg⁴⁹. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um starfsþróunarviðtöl þá vantar viðmið til að stjórnanda sé ljóst hvort viðkomandi starfsmaður hafi náð settum markmiðum.

Samantekt

Stjórnskipulag leikskólans er samkvæmt lögum. Stjórnskipulagið endurspeglar sérstöðu skólans og stjórnendur eru leiðandi í faglegri vinnu. Leikskólinn er rekinn innan ramma fjárlaga. Þau skólaverkefni sem leikskólinn hefur tekið þátt í hafa verið innleidd í daglegt starf og leitt til skólaþróunar. Skipulega er unnið að starfsþróun, starfsþróunarviðtölin eru vel skilgreind og starfsfólk er virkt í símenntun. Gera þarf skipurit skólans sýnilegt. Það vantar viðmið til að stjórnanda sé ljóst hvort viðkomandi starfsmaður hafi náð settum markmiðum.

⁴⁶ Viðtal við leikskólastjóra

⁴⁷ Fyrirbyggjandi gögn af deildum

⁴⁸ Fyrirbyggjandi gögn: starfsmannahandbók

⁴⁹ Starfsmannakönnun

Námsumhverfi og raddir barna

Er námsumhverfið og áhrif barna á það í samræmi við lög, reglugerðir og aðalnámskrá 2011?

Samkvæmt 2. gr. laga nr 90/2008 skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Í 12. gr. sömu laga segir að við gerð leikskólahúsnæðis skuli taka mið af þörfum barna og þeirri starfsemi sem fer fram í leikskólanum. Samkvæmt aðalnámskrá 2011 þarf að skipuleggja svæði þar sem leikur og nám geta farið fram í litlum hópum, rými þar sem börn geta verið í ró og næði og svæði þar sem börn geta leikið í stærri hópum og haft svigrúm fyrir fjölbreytta hreyfingu. Þarfir og áhugi sem börn láta í ljós á fjölbreyttan hátt eiga að vera sá grunnur sem mótar umhverfi og starfshætti leikskóla.

Námsumhverfi

Leikskólaumhverfið þarf að vera sveigjanlegt þannig að hægt sé að nýta það á ýmsa vegu, að börn geti farið frjálst frá einum stað til annars og nýtt þann efnivið sem þar er að finna.

Leggja skal áherslu á öruggt og rúmgott náms- og starfsumhverfi þar sem börn með ólíkar námsþarfir fá notið sín.

Raddir barna

Virða skal innsæi barna, reynslu þeirra og skoðanir og taka mið af sjónarmiðum þeirra við skipulagningu leikskólastarfs þannig að þau fái tækifæri til að taka ákvarðanir um það⁵⁰.

Samkvæmt skólanámskrá er leitast við að efla og styrkja frumkvæði barna til að auka á hæfni sína til að takast á við líf og starf í lýðræðissamfélagi.

Mat

Námsumhverfi: Umhverfið styður við þarfir barna, byggingin er aðgengileg og rýmið vel nýtt. Dagskipulag og námsgögn í leikskólanum hafa skírskotun til fjölbreytileika einstaklinga, leiksvæðin eru skipulögð m.t.t. mismunandi efniviðar sem börnin hafa frjálst aðgengi að⁵¹.

Með skiptingu barna á inni- og útileiksvæði er leitast við að skapa kyrrð og ró og aukið rými fyrir leikinn. 94% foreldra eru sammála því að námsumhverfi og aðbúnaður styðji við nám

⁵⁰ Aðalnámskrá 2011

⁵¹ Vettvangsathugun og fyrirbyggjandi gögn.

og þarfir allra barna⁵².

Í starfsmannakönnun telja 17 af 22 aðbúnað og námsumhverfi styðja við nám og þarfir allra barna. Aðstaða fyrir sérkennslu er ágæt en þó skortir rými fyrir hjálpartæki. Samkvæmt teikningu er ekki gert ráð fyrir sérkennsluáðstöðu, en með útsjónarsemi hefur sérkennslu verið fundinn staður í tengigangi.⁵³ Leikskólastjóri telur að ef til vill sé heppilegt að setja reglur um fjölda barna í leikskóla sem þurfa sérkennslu vegna viðbótarfjölda starfsfólks og hjálpargagna sem fylgja sérkennslunni.

Á heimasíðu leikskólans er krækja í upplýsingar um leiðir til að vinna gegn einelti meðal barna í leikskólanum⁵⁴. Í skólanámskrá er gerð grein fyrir námi án aðgreiningar og þar er lýst hvernig stutt skuli fötluð börn í almennu námi. Í starfsmannakönnun telur 21 starfsmaður af 22 að vel sé stuðlað að jafnrétti og virkri þátttöku barna í skólanum.

Raddir barna: Dagskipulagið gefur börnum svigrúm til ákvarðanatöku að vissu marki, samanber að þau geta valið sér mismunandi verkefni. Kennarar spyrja börnin opinna spurninga og hvetja þau til að taka ákvarðanir um eigin þarfir/hugmyndir í stað þess að börnin fái fyrirfram gefin svör⁵⁵. Í starfsmannakönnun telja 21 af 22 að tekið sé tillit til sjónarmiða/líðan barna um málefni sem þau snerta.

Börnin eru meðvituð um að þau ráði því hvað þau gera í valinu en eru ekki meðvituð um að þau geti haft áhrif á aðra þætti í skólasterfinu. Í skólanámskrá þarf að fjalla með skýrari hætti um hvernig börnum er gefin rödd inn í skólasterfið og hvaða leiðir eru farnar að því, til að þau öðlist skilning á því hvað lýðræði felur í sér.

Samantekt

Námsumhverfi og aðbúnaður styður við nám og þarfir allra barna. Betur þarf að huga að rými barna sem þurfa sérkennslu í námsumhverfi leikskólans. Í skólanámskrá þarf að fjalla með skýrari hætti um hvernig börnum er gefin rödd inn í skólasterfið og hvaða leiðir eru farnar að því.

⁵² Spurningakönnun til foreldra

⁵³ Vettvangsathugun og teikning af leikskóla.

⁵⁴ Heimasíða Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

⁵⁵ Vettvangsathugun

Skólabragur og samskipti


Er skólabragur jákvæður?

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla skal starfsfólk gæta kurteisi, nærgætni og lipurðar í framkomu sinni gagnvart börnum, foreldrum þeirra og samstarfsfólki. Í aðalnámskrá 2011 er tekið fram að dagleg samskipti þurfi að einkennast af vilja, samvinnu og virðingu fyrir tilfinningum og skoðunum barna, foreldra, kennara og annars starfsfólks. Samkvæmt reglugerð nr. 1000/2004 um aðgerðir gegn einelti á vinnustað skal atvinnurekandi gera starfsfólki það ljóst að einelti og önnur ótilhlýðileg háttsemi er óheimil á vinnustað.

Í skólanámskrá kemur fram að áhersla sé lögð á að skapa sameiginlega sýn meðal starfsfólks á áherslur sem lagðar eru til grundvallar í starfinu og leitast við að nýta mannaúð og styrkleika hvers og eins⁵⁶.

Mat

Almennt líður fólki vel í vinnunni og lýsir skólabragnum með orðum eins og vellíðan og samvinnu. Einnig ríkir eining um þau verkefni sem unnið er að innan skólans.⁵⁷ Leikskólastjóri leggur áherslu á jákvæðan skólabrag og leitar leiða til að viðhalda honum meðal annars með ýmsum skipulögðum atburðum⁵⁸.



Mynd 6. Starfsandi í leikskólanum

Í starfsmannakönnun segja allt starfsfólk að starfsandinn sé góður, sér líði vel í vinnunni, starfið einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmt traust ríki milli starfsfólks. Þessi viðhorf komu einnig fram í hópviðtölum við starfsfólk. Starfsfólk telur lýðræðisleg vinnubrögð einkenna samstarfið milli starfsfólks, hlustað er eftir röddum allra og allir njóta virðingar⁵⁹.

⁵⁶ Skólanámskrá Reynisholts

⁵⁷ Viðtal við hóp deildarstjóra og viðtal við blandaðan hóp starfsfólks.

⁵⁸ Viðtal við hóp deildarstjóra.

⁵⁹ Viðtal við blandaðan hóp starfsfólks

Það sem helst einkennir samstarf starfsfólks er:

- Traust
- Virðing
- Samheldni
- Vellíðan
- Jákvæðni
- Samvinna


Í starfsmannakönnun voru allir sammála því að stjórnendur veiti starfsfólki endurgjöf/hrós fyrir vel unnin störf (sjá mynd 9). Samkvæmt foreldrakönnun telja

95% foreldra skólaandann vera jákvæðan, 95% foreldra eru

sammála því að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf starfsfólks. Samkvæmt viðtölum við deildarstjóra er áhersla á virðingu í samskiptum við börnin, þeim er sýnd hlýja en líka dregin ákveðin mörk.⁶⁰ Í vettvangsathugunum var hlýja og jákvæðni í samskiptum starfsfólks og barna, andrúmsloftið var rólegt og starfið gekk áreynslulaust fyrir sig. Börnin hlakka til að koma í skólann.⁶¹

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur sett fram viðbragðsáætlun vegna eineltis meðal starfsfólks. Hún er hvorki sjáanleg á heimasíðu skólans, í starfsáætlun né í starfsmannahandbók.

Stjórnendur veita starfsfólki endurgjöf/hrós fyrir vel unnin störf



Mynd 7. Starfsfólk segir að stjórnendur veiti endurgjöf/hrós

⁶⁰ Viðtal við hóp barna

⁶¹ Viðtal við hóp barna

Samantekt

Skólabragurinn er jákvæður og starfsfólki líður almennt vel í vinnunni, starfið einkennist af jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti. Starfsfólk telur að hlustað sé eftir sjónarmiðum þess og lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum. Viðbragðsáætlun vegna eineltis þarf að vera sýnileg.

Innra mat

Er framkvæmd innra mats í leikskólanum í samræmi við lög, aðalnámskrá 2011 og skólanámskrá?

Markmið með innra mati er, samkvæmt lögum um leikskóla⁶², m.a. að

- a) veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra,**
- b) auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum,**
- c) tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.**

Hver leikskóli skal meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á⁶³.

Leikskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur⁶⁴. Við gerð innra mats þarf að gera grein fyrir tengslum þess við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá, aðferðum við innra mat skal lýst í skólanámskrá og eiga þær að taka mið af þeim viðfangsefnum sem unnið er að hverju sinni. Innra mat skóla skal vera markvisst fléttað við daglegt starf og ná til allra þátta skólastarfsins, lögð skal áhersla á virka þátttöku barna, foreldra, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila eftir því sem við á. Til að matið sé raunhæft þarf að leita upplýsinga með margvíslegum hætti, á grundvelli fjölbreyttra gagna er lagður grunnur að innra mati skólans⁶⁵.

Við mat á námi barna er safnað upplýsingum er lúta að þroska og velferð þeirra með því að skoða hvaða börn fást við, hafa áhuga á og hvað þau vita eða skilja. Matið á að beina sjónum að getu barna, hæfni og áhuga. Markmiðið er að auka þekkingu og skilning leikskólakennara og annars starfsfólks, foreldra og barna á þroska barna, námi og vellíðan⁶⁶.

⁶² 17. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla

⁶³ 18. gr. laga nr. 90/2008

⁶⁴ 8. gr. laga nr. 90/2008

⁶⁵ Aðalnámskrá 2011

⁶⁶ Aðalnámskrá 2011

Í skólanámskrá leikskólans segir að í upphafi hvers skólaárs sé unnin áætlun um hvernig standa eigi að mati, hvaða þættir verði metnir, hverjir séu þátttakendur í matinu, hvaða aðferðir verði notaðar, hvernig gagna verði aflað og hverjir fái matsniðurstöður. Leikskólakennarar leggja mat á þroska barna í leikskólanum með því að fylla út gátlista þar sem farið er yfir þroskaþætti hvers barns eða með því að notast við skráningar⁶⁷.

Mat

Framkvæmd innra mats í leikskólanum Reynisholti þarf að endurbæta til að hún falli betur að lögum, aðalnámskrá 2011, skólanámskrá og verkferlum matsfræða⁶⁸. Í mati á framkvæmd innra mats Reynisholts er metið með hliðsjón af verkferlum er lúta að innra mati⁶⁹.

Matsteymi: Formlegt matsteymi hefur ekki verið myndað en matsteymið hefur það hlutverk m.a. sjá um framkvæmd.

Matsáætlun: Matsáætlun hefur ekki verið sett fram í Reynisholti og því hafa skólastjórnendur ekki yfirsýn yfir það hvort matið nái yfir alla þætti skólastarfsins á ákveðnu tímabili.

Matsspurningar: Settar voru fram spurningar í kjölfarið af niðurstöðum af spurningalista sem lagður var fyrir starfsfólk. Matsspurningarnar eru víðtækar og þær hefði þurft að afmarka betur til að hægt væri að fá raunhæf svör.

Viðmið: Í innra mati leikskólans eru viðmið óljós og því ekki hægt að ákvarða um gæði eða árangur þess sem verið er að meta.

Gagnaöflun: Gagna hefði þurft að afla á kerfisbundinn hátt til að veita sem best svör við matsspurningum. Flétta þarf gagnaöflun inn í daglegt starf leikskólans.

Greining gagna: Ekki kemur fram í starfsáætlun Reynisholts hvernig gögn voru túlkuð og þar sem ekki voru sett fram viðmið um árangur þá er erfitt að átta sig á hvernig niðurstöður voru fengnar. Niðurstöðurnar voru kynntar rekstraraðilum, foreldrum og starfsfólki.

Umbótaáætlun: Hluti af umbótaáætlun Reynisholts tengist matsspurningum sem settar voru fram, en hluti er um þætti sem ekki var getið um að ætti að skoða. Í umbótaáætlun koma engin viðmið fram.

Þar sem viðmið eru ekki nægilega skýr og gagnaöflun ekki kerfisbundin þá getur matið ekki veitt fullnægjandi upplýsingar um veikleika eða styrkleika skólastarfsins.

⁶⁷ Skólanámskrá Reynisholts

⁶⁸ Sjá meðal annars leiðbeiningar Íslenska matsfræðifélagsins.

⁶⁹ Leiðbeiningar Íslenska matsfræðifélagsins

Matsniðurstöður eru byggðar á samræðum og huglægu mati en það skortir gögn til að undirbyggja rökin. Eccers kvarðinn var það matstæki sem var notað ásamt umhverfislista og lista til að meta stöðu lærdómssamfélags í skólanum og spurningar um líðan starfsfólks. Einnig voru notuð gögn til að meta þroska barna: Hljóm 2, ferlimöppur þar sem skráður er þroski barna og matslistinn Sjálfsmynd og sjálfsfærni.

Aðkoma starfsfólks, barna og foreldra að innra mati: Samkvæmt spurningakönnun til starfsfólks þá telja 68% sig vita hvernig unnið er að innra mati í leikskólum. Samkvæmt foreldrakönnun segjast 86% foreldra ekki vita hvort þeir hafi komið að innra mati og 88% segjast ekki vita hvort barnið þeirra hafi komið að innra mati. Samkvæmt viðtali við blandaðan hóp starfsfólks þá taldi það sig koma að innra mati.

Kynning á niðurstöðum: Í foreldrakönnun segja 9% foreldra að þeir hafi séð umbótaáætlun sem gerð var fyrir 2012, 85% sögðu ekki og 6% segjast ekki vita það. Enn fremur segja 9% að þeir hafi aðgang að niðurstöðum innra mats, 16% segjast ekki hafa aðgang að niðurstöðum og 75% segjast ekki vita það. 11% segjast hafa setið fund þar sem niðurstöður voru kynntar, 75% segjast ekki hafa fengið kynningu og 14% segjast ekki vita það. 18% segja að niðurstöður hafi verið kynntar þeim í fréttabréfi, tölvupósti eða öðrum skriflegum hætti, 26% segjast ekki hafa fengið þá kynningu og 55% segjast ekki vita það.

Samantekt

Framkvæmd innra mats er ekki í samræmi við lög, aðalnámskrá eða skólanámskrá. Alla liði matsferlisins þarf að skoða með tilliti til umbóta. Til þess að mat skili upplýsingum um skólustarfið, sem nýttar eru til að stuðla að umbótum, þá verða allir þættir matsferlisins að vera virkir.

Samstarf við foreldra

Hefur leikskólanum tekist að koma á samvinnu við foreldra?

Í 5. gr. laga nr. 90/2008 segir að leikskólastjóri eigi að stuðla að samstarfi milli foreldra, starfsfólks leikskóla og annars fagfólks með velferð barna að markmiði.

Samkvæmt aðalnámskrá 2011 þarf samstarf foreldra og starfsfólks að byggjast á virðingu og gagnkvæmum skilingi fyrir viðhorfum og þekkingu hverra annarra.

Foreldrar og leikskólakennarar skulu eiga reglubundin samtöl þar sem tækifæri gefst til markvissra samræðna um nám og þroska barnsins og líðan þess, heima og í leikskólanum. Einnig eiga foreldrar að hafa gott aðgengi að öllum upplýsingum er varða skólastarfið og börn þeirra, þannig að þeir geti fylgst með skólagöngunni og veitt stuðning og hvatningu. Hvatt er til þátttöku fjölskyldna í leikskólastarfi⁷⁰. Samkvæmt 11. grein laga nr. 90/2008 skal kosið í foreldraráð við leikskóla til eins árs í senn. Í foreldraráði sitja að lágmarki þrjú foreldrar. Leikskólastjóra ber að starfa með foreldraráði. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og skóla-og frístundasviðs um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi⁷¹.

Í skólanámskrá leikskólans kemur fram að áhersla sé lögð á góða samvinnu við foreldra, að þeir séu vel upplýstir um skólastarfið, þroskaferli og heilsu barnsins⁷².

Við leikskólann starfar bæði foreldrafélag og foreldraráð. Á haustfundi er óskað eftir framboði foreldra í stjórn foreldrafélags og kosið í félagið. Foreldraráð er valið úr hópi þeirra sem sitja í stjórn foreldrafélagsins. Foreldraráð veitir umsögn um starfsáætlun, gerð skólanámskrár og annarra áætlana innan skólans⁷³.

⁷⁰ Aðalnámskrá 2011

⁷¹ 11. gr. laga nr. 90/2008

⁷² Skólanámskrá

⁷³ Viðtöl við stjórnendur og foreldra

Mat

Við upphaf leikskólagöngu er skýrt rammað inn hvernig að aðlögun barnsins er staðið og hvernig upplýsingagjöf til foreldra er háttað. Formleg foreldraviðtöl fara fram tvisvar á ári, þar eru foreldrum veittar upplýsingar um þroska barns síns, líðan þess í leikskólanum og þær áherslur sem lagðar eru í vinnu með barninu. Áhersla er lögð á dagleg samskipti við foreldra⁷⁴.

Samkvæmt foreldrakönnun eru 90% foreldra frekar eða mjög ánægðir með Reynisholt þegar á heildina er litið, en allir foreldrar töldu samskiptin við starfsfólk vera góð. 63% foreldra telja sig fá tækifæri til að fylgjast með námi barnsins í skólanum, 35% segja að það mætti vera meira og 2% segjast ekki vita það. 97% foreldra segja að skipulagðar foreldraheimsóknir séu reglulegur þáttur í skólalastarfinu (til dæmis foreldrakaffi eða fjölskyldudagur). 70% foreldra telja að kynning á námsmarkmiðum og leiðum til að ná þeim sé hluti af samstarfi heimila og skóla, 4% segja svo ekki vera og 26% segjast ekki vita það⁷⁵.

Samkvæmt foreldrakönnun segjast 97% foreldra vera virkir í skólalastarfinu og að þeir mæti á skipulagða viðburði eða í foreldraviðtöl. 94% foreldra segjast eiga auðvelt með að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við skólann. 80% segja að ábendingum hafi verið vel tekið, 20% segjast ekki hafa komið með ábendingar. Foreldrar telja sig hafa gott aðgengi að stjórnendum, bæði til að fá upplýsingar og til að koma ábendingum á framfæri. 73% foreldra telja að nægt samráð sé haft við sig varðandi ákvarðanir um skólalastarfið, 13% telja svo ekki vera og 14% segjast ekki vita það⁷⁶.

Í starfsmannakönnun kemur fram að 19 af 22 telja foreldra frekar eða mjög virka í skólalastarfinu.

Í foreldrakönnun kemur fram að 94% segjast vera ánægðir með aðgang að upplýsingum um skólalastarfið og 97% vita hvert þeir eiga snúa sér ef þá vantar upplýsingar um það.

Heimasíðan er ávallt uppfærð og mikil virkni er í tölvusamskiptum milli kennara og foreldra. Kennarar eru ávallt til taks til að ræða við foreldra um starfið⁷⁷.

⁷⁴ Skólanámskrá Reynisholts

⁷⁵ Foreldrakönnun

⁷⁶ Foreldrakönnun

⁷⁷ Foreldrakönnun

Á hverju hausti eru foreldrar boðaðir til fundar með fyrirvara. Fundirnir eru skipulagðir og þar er ítarlega greint frá starfsemi leikskólans og stefnu.⁷⁸

Foreldrar eiga að koma að mati lögum samkvæmt⁷⁹ og því þarf að fylgja eftir. Kjósa þarf fulltrúa foreldra í foreldraráð í stað þess að velja þá úr stjórn foreldrafélags til að ákvæði 11. gr. laga nr. 90/2008 séu uppfyllt.

Samantekt

Tekist hefur að koma á samstarfi við foreldra og í niðurstöðum í foreldrakönnun eru foreldrar mjög ánægðir með samskiptin við starfsfólk. Upplýsingagjöf til foreldra er virk, hlustað er eftir sjónarmiðum foreldra og þeir hafa gott aðgengi að stjórnendum og öðru starfsfólki. Foreldrar eiga að koma að mati og þarf að fylgja því betur eftir. Kjósa þarf fulltrúa í foreldraráð í stað þess að velja það úr stjórn foreldrafélagsins.

⁷⁸ Viðtöl við foreldra

⁷⁹ Lög nr. 90/2008

Samstarf við sérfræðipjónustu sveitarfélagsins

Er aðgangur leikskólans og foreldra að sérfræðipjónustu í samræmi við ákvæði reglugerðar um sérfræðipjónustu sveitarfélaga?

Í 21. gr. laga nr 90/2008 um leikskóla segir að á vegum sveitarfélaga skuli rekin sérfræðipjónusta fyrir leikskóla. Í sérfræðipjónustu felst annars vegar stuðningur við leikskólabörn og fjölskyldur þeirra og hins vegar stuðningur við starfsemi leikskóla og starfsfólk þeirra. Sveitarfélög ákveða fyrirkomulag sérfræðipjónustu en skulu stuðla að því að hún geti farið fram innan leikskóla. Samkvæmt 22. gr. laga nr 90/2008 eiga börn, sem þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun að mati viðurkenndra greiningaraðila, rétt á slíkri þjónustu innan leikskólans. Þjónusta þessi skal fara fram undir handleiðslu sérfræðinga samkvæmt ákvörðun leikskólastjóra og sérfræðipjónustu. Samkvæmt 23. gr. laga nr. 90/2008 skulu á vegum sveitarfélaga starfa sérfræðingar í leikskólamálum er veita leikskólum ráðgjöf og stuðning við nýbreytni og skólaþróun. Þeir sinna einnig eftirliti með starfsemi leikskóla og stuðla að samstarfi þeirra innbyrðis og milli skólastiga. Í reglugerð 584/2010 segir að fræðsluyfirvöldum í hverju sveitarfélagi beri að stuðla að og fylgja eftir að nemendum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu. Tryggja skal að sérfræðipjónustan sé viðunandi, að hún byggi á ákveðnu fyrirkomulagi og stuðla að því að hún fari fram innan skóla. Sveitarfélög skulu leggja áherslu á við framkvæmd sérfræðipjónustu að styðja á fjölbreyttan hátt við starfsemi og starfshætti leik- og grunnskóla og starfsfólk þeirra.

Í skólanámskrá leikskólans segir að markmið sérkennslu sé meðal annars að veita barninu sem bestan stuðning til að það geti notið leikskóladvalarinnar. Skapa skal börnum jöfn skilyrði til leiks og náms, svo fötlun eða sérstaða barns hamli því ekki, að barn upplifi sig sem jafningja meðal annarra barna og allir þroskaþættir barnsins örvist.⁸⁰

⁸⁰ Skólanámskrá Reynisholts

Mat:

Við leikskólann starfar sérkennslustjóri sem hefur umsjón með samskiptum við foreldra barna sem fá sérkennslu. Á kynningarfundum fyrir nýja foreldra þar sem starfsemi skólans er kynnt, kynnir sérkennslustjóri fyrirkomulag sérkennslunnar.

Verkferlar er lúta að sérkennslu eru kynntir foreldrum sem og einstaklingsnámskrár en þær taka mið af áherslum sem sérkennsluráðgjafi hefur sett fram.

Sérkennslustjóri kynnir á fundum fyrir starfsfólki verkferla um sérkennslu og hefur eftirfylgni með þeim.

Af foreldrum barna sem þurfa á sérkennslu að halda segja 10 af 12 að aðgengi foreldra að utanaðkomandi sérfræðipjónustu og stuðningi sé góð og 9 af 11 segja að aðgengi barna sé góð. 9 af 10 segja skýrt hvernig sérkennslu er fylgt eftir í framhaldi af greiningu.

Ráðgjöf til leikskólans frá þjónustumiðstöð hverfisins er í skipulögðum farvegi og einnig er samstarf við Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins. Skilvirk upplýsingagjöf er frá Heilsugæslu Árbæjar til leikskólans.⁸¹

Leikskólastjóri hefur nýtt sér samstarf við sérfræðipjónustu Skóla- og frístundasviðs, eins og launafulltrúa, starfsmannþjónustu, lögfræðipjónustu, tölvudeild og fjármálasvið. Þá hefur skrifstofustjóri Skóla- og frístundasviðs og leikskólaráðgjafar veitt skólanum þjónustu þegar til þeirra hefur verið leitað. Leikskólastjóri hefur líka nýtt sér þjónustuna til að fá fyrirlesara sem koma með fræðslu inn í leikskólann. Leikskólastjóri er almennt ánægður með samskipti við sérfræðipjónustu sveitarfélagsins og telur hana gagnlega.

Samantekt

Aðgangur leikskólans og foreldra að sérfræðipjónustu sveitarfélagsins er í samræmi við reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga. Ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hverfisins er skipulögð og leikskólastjóri nýtir sér samstarf og ráðgjöf frá sérfræðipjónustu Skóla- og frístundasviðs.

⁸¹ Viðtal við sérkennslustjóra.

Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar: styrkleikar í starfi leikskólans eru:

- Virk skólaþróun
- Skýrar áherslur
- Skilvirk stjórnun og sameiginleg sýn
- Jákvæður skólabragur
- Faglegur metnaður

Veikleikar: veikleikar í starfi leikskólans eru:

- Framkvæmd innra mats
- Útisvæði
- Ónóg þátttaka barna í ákvarðanatöku um skólastarfið
- Vissir þættir í skólanámskrá

Tillögur að umbótum

Leikskólinn og umhverfi hans:

- Útileiksvæðið þarfnast lagfæringar þannig að það standist kröfur um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- Auka þarf fjármagn til kaupa á námsgögnum.
- Stækka þarf hvíldarrými starfsfólks.
- Auka þarf fjármagn vegna undirbúnings- og veikindaafleysingar.

Skólanámskrá:

- Skilgreina þarf betur lýðræðislega þátttöku barna í ákvarðanatöku og virkja þau í innra mati leikskólans.
- Gera þarf Barnasáttmála skil í skólanámskrá.
- Setja þarf ítarlegar fram hugmyndafræði leikskólans til að ljóst sé á hvaða fræðilega grunni er byggt.
- Gera þarf betur skil samvinnu milli leik- og grunnskóla og gera sýnileg þau markmið sem unnið er að.

Stjórnun og rekstur:

- Gera þarf skipurit skólans sýnilegra, bæði í starfsmannahandbók og skólanámskrá.
- Setja þarf fram viðmið um árangur starfsfólks í starfsþróun.

Námsumhverfi og raddir barna:

- Greina þarf betur sérkennslurými innan leikskólans m.t.t. stöðugilda, hjálpartækja og annars búnaðar.
- Í skólanámskrá þarf að fjalla með skýrari hætti um hvernig börnum er gefin rödd inn í skólastarfið og hvaða leiðir eru farnar að því, til að þau öðlist skilning á því hvað lýðræði felur í sér.

Skólabragur og samskipti:

- Viðbragðsáætlun vegna eineltis þarf að vera sýnileg.

Innra mat:

- Efla þarf þekkingu stjórnenda og starfsfólks á innra mati.

Samstarf við foreldra:

- Virkja þarf foreldra til þátttöku í innra mati.
- Kjósa þarf fulltrúa í foreldraráð.

Heimildaskrá

Aðalnámskrá leikskóla, 1999. Mennta og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Aðalnámskrá leikskóla, 2011. Mennta og menningarmálaráðuneytið, Reykjavík.

Áhættumat unnið í Reynisholti 29. sept. 2012.

Birna Sigurjónsdóttir, Björk Ólafsdóttir og Þóra Björk Jónsdóttir (2012). Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum. Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga.

Fyrirliggjandi gögn frá leikskólanum um skólastarfið.

Heimasíða Reynisholts www.reynisholt.is

Leiðbeiningar fyrir úttektir í leikskólum. Námsmatsstofnun.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

Reglugerð um einelti nr. 1000/2004.

Reglugerð um mat og eftirlit á leikskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 893/2009.

Reglugerð um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólan nr. 584/2010.

Reglugerð um skil og miðlun upplýsinga milli leik- og grunnskóla nr.896/2009.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Skólanámskrá Reynisholts.

Skóla- og frístundasvið. Vefsíða sótt í mars 2013 af slóð:

<http://www.reykjavik.is/desktopdefault.aspx/tabid-3796>

Spurningakönnun lögð fyrir foreldra með Questionpro. Mars

Spurningakönnun lögð fyrir starfsfólk. Mars – apríl.

Starfáætlun Reynisholts 2011 – 2012.

Starfsáætlun skóla- og frístundasviðs 2012.

Starfsmannahandbók Reynisholts.

Stefnuþættir og markmið Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar 2012.

Teikning af húsnæði leikskólans.

Vefsíða íslenska matsfræðifélagsins. Sótt í mars 2013 af slóð www.eval.is

Vettvangsathuganir. 2. maí og 7. maí

Viðtal við formann skóla-og frístundaráðs. 8. maí

Viðtal við aðstoðarleikskólastjóra. 18. mars

Viðtal við leikskólastjóra. 18. mars

Viðtal við sérkennslustjóra. 2. apríl

Viðtöl við hóp deildarstjóra. 7. maí

Viðtöl við blandaðan hóp starfsmanna. 7. maí

Viðtöl við foreldra. 7. maí

Viðtöl við hóp barna. 2. apríl

Ljósmyndir:

Matsaðilar tóku ljósmyndir sem birtar eru í skýrslunni, en myndir á forsíðu koma frá stjórnendum leikskólans.

Fylgiskjöl

Dagskipulag:

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi, sem þó er sveigjanlegt. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri. Í dagskipulagi er leitast við að draga úr streitu og veita börnunum svigrúm til leikja og sjálfshjálpar. Í dagskipulagi eru ákveðnir fastir þættir s.s. val, útivera, hópastarf, jóga, sögugrunnur, orðahljóð, sögusund, snertistund og matmálstímar. Þessir þættir halda sér að öllu jöfnu frá miðjum september út maí. Þeir geta þó fallið niður ef mikil mannekla er, aðrar upptökur s.s. leiksýningar, ferðir eða hátíðisdagar s.s. bóndadagur eða öskudagur eða ef að kennara finnst mikilvægara að leikur barnanna fái að halda áfram óáreittur.

Í meginráttum er dagskipulag sem hér segir:

Bjartilundur

Kl. 8:00 – 9:00 Móttaka barna, morgunverður og rólegir leikir

Kl. 9:15 – 10:00:

Hópastarf alla daga nema föstudaga.

Öll börn fara þá í hópastarf með sínum kennara/leiðbeinanda.

Hópastarfi lýkur síðan á því að börnin fá ávaxtabita.

Kl. 10:00 – 11:30:

Eftir hópastarf fara hóparnir síðan ýmist í útiveru eða í val inni á deildum, með sínum kennurum/leiðbeinendum.

Kl. 11.30 – 13.00:

Samverustundir/hádegisverður undirbúinn (vinastund á mánudögum).

Hádegisverður og kyrrðarstundir/hvíld.

Kl. 13.00 – 14:30:

Útivera þeirra barna sem voru inni um morguninn. Hin börnin velja sér verkefni og leiki inni á deildum.

Kl. 14:30 – 15:30:

Samverustundir, síðdegishressing, spilastundir eða fínhyfiverkefni.

Kl. 15:30 – 16:30: Rólegir leikir

Kl. 16:30 – 17:30: Deildir sameinast og reynt að skapa rólegt andrúmsloft í lok dags.

Geislalundur

Kl. 8:00 – 9:00

Móttaka barna, morgunverður og rólegir leikir

Kl. 9:15 – 10:00:

Hópastarf alla daga nema föstudaga.

Öll börn fara þá í hópastarf með sínum kennara/leiðbeinanda.

Hópastarfi lýkur síðan á því að börnin fá ávaxtabita.

Kl. 10:00 – 11:30:

Eftir hópastarf fara hóparnir síðan ýmist í útiveru eða í val inni á deildum, með sínum kennurum/leiðbeinendum.

Kl. 11.30 – 13.00:

Samverustundir/hádegisverður undirbúinn (vinastund á mánudögum).

Hádegisverður og kyrrðarstundir/hvíld. Í kyrrðarstundum eru skipulagðar stundir þar sem meðal annars er lestur, snerting, slökun, róleg stund.

Kl. 13.00 – 14:30:

Útivera þeirra barna sem voru inni um morguninn. Hin börnin velja sér verkefni og leiki inni á deildum.

Kl. 14:30 – 15:30:

Samverustundir, síðdegishressing, spilastundir eða fínhreyfiverkefni.

Kl. 15:30 – 16:30:

Rólegir leikir

Kl. 16:30 – 17:30:

Deildir sameinast og reynt að skapa rólegt andrúmsloft í lok dags.

Sunnulundur

Kl. 8:00 – 9:00

Móttaka barna, morgunverður og rólegir leikir

Kl. 9:15 – 10:00:

Hópastarf alla daga nema föstudaga. Öll börn fara þá í hópastarf með sínum kennara/leiðbeinanda. Einu sinni í viku er flæði milli tveggja deilda og vinna börnin þar ákveðin verkefni. Útikennsla er einu sinni í viku ef veður leyfir. Hópastarfi lýkur síðan á því að börnin fá ávaxtabita.

Kl. 10:00 – 11:30:

Eftir hópastarf fara hóparnir síðan ýmist í útiveru eða í val inni á deildum, með sínum kennurum/leiðbeinendum. Einu sinni í viku fer hluti barnahópsins í jóga á þessum tíma.

Kl. 11.30 – 13.00:

Samverustundir/hádegisverður undirbúinn (vinastund á mánudögum). Hádegisverður og kyrrðarstundir/hvíld. Einu sinni í viku fer hluti af börnunum í jóga, sögugrunn, orðahljóð, snertistund og sögustund.

Kl. 13.00 – 14:30:

Útivera þeirra barna sem voru inni um morguninn. Hin börnin velja sér verkefni og leiki inni á deildum.

Kl. 14:30 – 15:30:

Samverustundir, síðdegishressing, spilastundir eða fínhyfiverkefni.

Kl. 15:30 – 16:30:

Rólegir leikir

Kl. 16:30 – 17:30:

Deildir sameinast og reynt að skapa rólegt andrúmsloft í lok dags.

Stjörnulundur

Kl. 8:00 – 9:00

Móttaka barna, morgunverður og rólegir leikir

Kl. 9:15 – 10:00:

Hópastarf alla daga nema föstudaga. Öll börn fara þá í hópastarf með sínum kennara/leiðbeinanda. Einu sinni í viku er flæði milli tveggja deilda og vinna börnin þar ákveðin verkefni. Útikennsla er einu sinni í viku ef veður leyfir. Hópastarfi lýkur síðan á því að börnin fá ávaxtabita.

Kl. 10:00 – 11:30:

Eftir hópastarf fara hóparnir síðan ýmist í útiveru eða í val inni á deildum, með sínum kennurum/leiðbeinendum.

Kl. 11.30 – 13.00:

Samverustundir/hádegisverður undirbúinn (vinastund á mánudögum).

Hádegisverður og kyrrðarstundir/hvíld.

Einu sinni í viku fer hluti af börnunum í jóga, sögugrunn, orðahljóð, snertistund og sögustund.

Kl. 13.00 – 14:30:

Útívera þeirra barna sem voru inni um morguninn. Hin börnin velja sér verkefni og leiki inni á deildum.

Kl. 14:30 – 15:30:

Samverustundir, síðdegishressing, spilastundir eða fínhyfiverkefni.

Kl. 15:30 – 16:30:

Rólegir leikir

Kl. 16:30 – 17:30:

Deildir sameinast og reynt að skapa rólegt andrúmsloft í lok dags.